

Til sveitarstjórnar Djúpavogshrepps,

Skorað er á sveitarstjórn Djúpavogshrepps að koma upp opnu leiksvæði fyrir börn á Djúpavogi. Einnig er skorað á sveitarstjórn að styðja við foreldrafélag Djúpasvogsskóla með uppsetningu á leikvallatæki sem félagið keypti til að setja á leiksvæði.

Þegar fjöldi opinna leiksvæða í nærliggjandi byggðakjörnum er skoðaður kemur í ljós að Djúpavoghreppur er eftirbáti hinna þegar kemur að því að bjóða börnum upp á leiksvæði með leikvallatækjum. Í töflu má sjá fjölda opinna leiksvæða í þessum byggðum. Inn í þessum tölum er ekki leiksvæði við leik- og grunnskóla.

<b>Byggðakjarni</b>	<b>Fjöldi leiksvæða</b>	<b>Mannfjöldi í byggðakjarna eða sveitarfélagi</b>
Vopnafjarðahreppur	3	660
Egilsstaðir	13	2951
Seyðisfjarðakaupstaður	1	690
Borgarfjarðarhreppur	0	130
Reyðarfjörður	4	1373
Eskifjörður	4	1065
Norðfjörður	4	1533
Fáskrúðsfjörður	1	753
Stöðvarfjörður	0	172
Breiðdalsvík	0*	181
Höfn	8	1710

Djúpavogsbúar eru stoltir af barnasamfélaginu hér en við getum ekki verið stolt af því að búa í eina byggðakjarnanum með yfir 200 íbúa sem ekki býður upp á opið leiksvæði.

Virðingarfyllst,

Ólöf Vilbergsdóttir og Guðni Þórir Jóhannsson, foreldrar tveggja barna á Djúpavogi

\* Breiðdalsvík ekki með formlegt opið leiksvæði en það eru leiktæki við tjaldstæðið og gert hefur verið leiksvæði með trjádruðum við hoppubelg.